



## Gjaldskrá Vatnsveitu Flóahrepps

### 1. gr.

#### Gjaldskylda

Sveitarstjórn Flóahrepps fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Einnig er innheimt vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

### 2. gr.

#### Heimæðargjald vatnsveitu

Hver sá sem óskar eftir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps skal sækja um það skriflega.

Heimæðargjald felur í sér stofngjald og tengigjald í samræmi við grein þessa.

Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna lagningar heimæðarinnar.

Tæknisvið sveitarfélagsins reiknar kostnaðinn við hverja tengingu fyrir sig og miðast stofn- og tengigjald hvernar eignar við raunkostnað vegna lagningar heimæðar og tengingar. Áætlað tengigjald skal greiða fyrirfram áður en framkvæmdir hefjast.

Heimilt er að skipta greiðslum heimæðargjalda í þrennt en greiðslum skal vera lokið fyrir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps. Að verki loknu er gerður samanburður á áætlun og raunkostnaði og hver tenging gerð upp samkvæmt því.

Skilyrt er að lagning heimæðar og tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni Vatnsveitu Flóahrepps.

*Við samþykkt þessarar gjaldskrár er hlutdeild í stofni 296.016 kr. Greitt skal fyrir lagnaefni skv. mældum metrum, þverun vegar og efni í tengingar skv. áætluðum kostnaði og skal sá kostnaður falla á viðkomandi vatnstengingu. Kostnaður við efni, tengingu og hlutdeild í stofni skal uppfæra skv. byggingarvísitölu útgefinni af Hafstofu Íslands 1. febrúar ár hvert.*

### 3. gr.

#### Vatnsgjald

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem tengdar hafa verið vatnsveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn gjaldsins skal vera 0,2% af fasteignamati í A flokki að undanskildum útihúsum. Álagningarstofn skal vera 0,3% af fasteignamati í C flokki og af útihúsum. Frístundahús bera fast gjald.

Sveitarstjórn ákveður árlega hver skuli vera lágmarks og hámarksálagning á íbúðarhús ásamt því að ákveða fast gjald á frístundahús, vatnstæki í beitarhólfum og á óbyggðar lóðir tengdar vatni. Sveitarstjórn ákveður hámark á vatnsgjaldi á fasteignir í C flokki ásamt útihúsum.

Gjalddagar vatnsgjalds eru hinir sömu og eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

### 4. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár á eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

### 6. gr.

#### Gildistaka

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 með síðari breytingum og tekur gildi 1. janúar 2024. Um leið fellur eldri gjaldskrá úr gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 12. desember 2023

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri